

## 9. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og iðnfræðsluráðs, þar sem nánar verður kveðið á um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni o. fl.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 82/1947, um matsveina- og veitingaþjónaskóla, og lög nr. 83/1952, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, sem þegar hafa byrjað nám í skólanum.

*Gjört í Reykjavík, 30. marz 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gislason.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.**

FÖRSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Úr 1. mgr. 38. gr. laganna falli brott 4. málslíður, sem er svo hljóðandi: „Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.“

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 8. marz 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gislason.*